




Ísafjarðarbær  
Stjórnsýsluhúsínu  
400 Ísafirði  
Bt. Gísla Halldórs Halldórssonar, bæjarstjóra



Reykjavík 16. nóvember 2017

**Efn: Samningur um afritun höfundaréttarvarins efnis**

Vísað er til erinda frá því í febrúar, apríl og september á þessu ári, sem varða samninga um afritun höfundaréttarvarins efnis. Fjöllis, hagsmunafélag höfundaréttarsamtaka og Samband íslenskra sveitarfélaga luku við endurskoðun rammasamnings sem öllum sveitarfélögum landsins var boðinn í upphafi árs. Nú hafa 72% allra íslenskra sveitarfélaga undirritað samningana.

Samningurinn nær til allrar afritunar í starfsemi sveitarfélagsins, hvort heldur sem hún tilheyrir félagsþjónustu, endurmenntun, félagsstarfi, stjórnsýslu eða öðrum rekstri. Hann nær til alls höfundaréttarvarins efnis, íslensks og erlends, texta, mynda, teikninga, nótina, grafa, línumura, korta o.b.h. og stafrænnar og hliðrænnar afritunar og hvort tveggja físiskrar og rafrænnar dreifingar. Undanskilin er afritun höfundaréttarvarins efnis kennara og nemenda í leik- og grunnskólum sem menntamálaráðuneytið hefur þegar samið um.

Rammasamningurinn sem liggur fyrir eftir samstarf Fjöllis og Sambandsins, gerir ráð fyrir að greiddar séu 590 kr. á ársgrundvelli fyrir hvert stöðugildi, að frátoldum stöðugildum starfsmanna sem tilheyra KÍ. Endurgjaldið tekur því mið af fjölda stöðugilda árið á undan. Skv. Árbók Sambandsins voru stöðugildi hjá Ísafjarðarbæ, án KÍ starfsmanna, 187,6 á árinu 2016. Heildarendurgjald er því 110.684 kr. fyrir árið 2017.

Nánari upplýsingar eru gefnar af Fjöllis í síma 511-2212 eða á netfanginu [fjolis@fjolis.is](mailto:fjolis@fjolis.is). Þá geta bæði Valur Rafn Halldórsson og Tryggi Pórhallsson hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga gefið upplýsingar um samningana. Kynningarmyndband má finna á heimasiðu Fjöllis, [www.fjolis.is](http://www.fjolis.is)

Ég leyfi mér hér með að senda samninginn undirritaðan að nýju, óska þess að hann verði undirritaður af hálfu bæjarins og afrit af honum sent á skrifstofu félagsins í Aðalstræti 6, 5. hæð, 101 Reykjavík eða með tölvupoðsti á [fjolis@fjolis.is](mailto:fjolis@fjolis.is).

Jafnframt fylgir hér með reikningur fyrir árið 2017. Rafræn krafra hefur verið stofnuð á kennitölu bæjarins með gjalddaga 1. desember 2017 og eindaga 15 dögum síðar.

framkvæmdastjóri

# **Samningur**

## **um ljósritun og hliðstæða eftirgerð í sveitarfélögum**

### **I. Aðild 1. gr.**

Aðilar samnings þessa eru annars vegar Ísafjarðarbær, kt. 540596-2639, Stjórnsýsluhúsinu, 400 Ísafirði, hér eftir nefndur leyfishafi, og hins vegar Fjöllís, kt. 491285-0289, Aðalstræti 6, 101 Reykjavík, hagsmunafélag samtaka, sem koma fram fyrir hönd rétthafa að verkum sem njóta höfundaréttarverndar sbr. 4. mgr. 26. gr. a í höfundalögum nr. 73/1972 með síðari breytingum.

Fjöllís hefur sérstakt umboð frá erlendum systursamtökum sínum til að fara með réttindi, sem samningur þessi tekur til hér á landi. Öll erlend systursamtök Fjölliss njóta viðurkenningar í heimalandi sínu og starfa innan IFRRO (International Federation of Reproduction Rights Organizations).

Samningur þessi er efnislega samhljóða öðrum samningum Fjöllís við sveitarfélög sem byggður er á samningsfyrirmynnd gerðri í samvinnu Fjöllís og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

### **II. Gildissvið og skilgreiningar 2. gr.**

Samningurinn tekur til ljósritunar og annarrar hliðstæðrar eftirgerðar verka, sem höfundaréttarverndar njóta og notuð eru í stjórnsýslu og stofnunum sveitarfélagsins.

Undir stjórnsýslu sveitarfélaga falla allir málaufokkar sveitarfélaga s.s. íþróttat- og æskulýðsmál, menningarmál, ferðamál, félagsþjónusta og fleira að að undanskildum fræðslustofnunum. Þá falla undir samningana einnig sérstakar stofnanir þeirra s.s. söfn, þjónustumiðstöðvar, menningarstarfsemi, tómstunda- og fræðslustarfsemi auk byggðasamlaga og annarra fyrirtækja og stofnana.

Með hliðstæðri eftirgerð er átt við að gerð séu eitt eða fleiri af verkinu í sama eða öðru formi og frumritið sbr. þó takmarkanir í 3. og 4. gr.

Afritun á glærur og skyggnur telst eftirgerð hliðstæð ljósritun í samningi þessum.

Samningurinn heimilar miðun eintaka af stafrænu efni í gegnum lokaða vefi sveitarfélagsins þar sem það er aðgengilegt starfsmönnum, skjólstæðingum

og viðskiptavinum. Hann tekur einnig til stafrænnar dreifingar efnis með tölvupósti.

Samningurinn tekur ekki til fjölfoldunar með öðrum hætti, svo sem með upptöku verka á hljóðrit, myndbönd eða kvikmyndir, eða til eintakagerðar í véllassesilegu formi.

### **3. gr.**

Samningur þessi tekur til útgefinna verka sbr. 2. mgr. 3. gr. höfundalaga.

Með útgefnu verki er átt við útgefin rit s.s. bækur, tímarit, dagblöð, nótnahefti, landakort o.p.h. svo og listaverk, ljósmyndir, leiksviðsverk, skrár og töflur, enda njóti verkið verndar samkvæmt höfundalögum.

Samningurinn tekur ekki til hljóðrita, myndbanda og kvikmynda.

Hver einstakur höfundur getur lagt skriflegt bann við fjölfoldun á eigin verki sbr. 3. mgr. 26. gr. a höfundalaga nr. 73/1972 og ber Fjölís þá jafnframt að tilkynna leyfishafa um þá ákvörðun.

### **4. gr.**

Afritun samkvæmt samningi þessum er eingöngu heimil til viðbótar og uppfyllingar öðru efni svo og venjulegum bókum og að öðru leyti með þeim takmörkunum sem hér segir:

a. Aðeins má afrita stutta þætti úr hverju útgefnu verki og 20% hið mesta, þó aldrei meira en 30 síður á nemanda. Þó má afrita heila bókarkafla og tímaritsgreinar.

b. Takmarkanir í a.lið eiga ekki við um rit sem gefin eru út með reglulegu millibili, svo sem dagblöð, vikurit og önnur tímarit. Þó má ekki afrita fleiri en tvær greinar úr hverju tímariti nema til þess komi sérstakar aðstæður t.d. ef viðkomandi tímarit er ófáanlegt á almennum markaði eða aflað hafi verið sérstakrar heimildar frá Fjölís.

c. Samningurinn heimilar ekki afritun sem talist getur útgáfa og gera skal útgáfusamning um. Afritun efnis til dreifingar meðal almennings telst útgáfa og er því ekki leyfileg.

d. Aðgangur að efni sem sett er inn á rafrænan gagnagrunn samkvæmt þessum samningi skal vera takmarkaður við starfsmenn og skjólstæðinga/viðskiptavini sveitarfélagsins.

e. Afrit umfram framangreint skal aðeins gera að fenginni heimild rétthafa.

W.M

### **5. gr.**

Með afritaðri síðu samkvæmt a. lið 4. gr. í samningi þessum er átt við síðu afrits af stærðinni A4. Séu síður af annarri stærð reiknast stærð þeirra hlutfallslega miðað við A4.

Hver nótasíða jafngildir samkvæmt samningi þessum fimm blaðsíðum, hver dagblaðssíða þremur blaðsíðum, hver ljóðasíða þremur blaðsíðum og hver síða leiksviðsverks tveimur blaðsíðum.

Ef texti fylgir nótum á sömu síðu skal telst textinn vera á annarri síðu en nótturnar.

Sama gildir um mynd, teikningu eða uppdrátt með skýringartexta.

### **6. gr.**

Samkvæmt 13. gr. skulu samningshafar beina því til aðila sem samningurinn nær til að virða eftirfarandi:

Eftirfarandi áminning um höfundarátt skal fylgja hverju verki sem afritað er og/eða dreift skv. samningi þessum.

„Um verk þetta gilda reglur höfundalaga nr. 73/1972 með síðari breytingum. Óheimilt er að afrita verkið eða dreifa því utan þeirra heimilda sem höfundalög og samningur um afritun veita. Þá er einnig óheimilt að breyta verkinu á nokkurn hátt.

Á afritinu og/eða við dreifingu þess skulu fylgja upplýsingar um titil verka og höfund þeirra. Einnig nöfn útgefenda, útgáfustað, útgáfuár og blaðsíðunúmer vegna afrita sem tekin eru úr bókum og árgang tímarits, númer tölublaðs og dagsetningu vegna afrita úr tímaritum.

## **III. Gildistími samnings**

### **7. gr.**

Samningur þessi gildir frá 1. janúar 2017 og endurnýjast sjálfkrafa nema honum sé sagt upp.

Uppsögn samnings skal berast hinum aðilanum með sex mánaða fyrirvara.

#### **IV. Endurgjald til Fjölís**

##### **8. gr.**

Fyrir lögmæta fjölföldun samkvæmt samningi þessum skal greiða gjald, kr. 590 fyrir hvert stöðugildi sveitarfélags fyrir utan þá starfsmenn sem falla undir fræðslustofnanir sveitarfélaga.

Gjaldið er verðtengt á þann hátt að það tekur breytingum frá 1. janúar 2017 til hvers gjalddaga í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs á tímabilinu. Vísitala neysluverðs í janúar 2017 er 439 stig.

Fjöldi stöðugilda sem lagður er til grundvallar við útreikninga á fjölda gjaldskyldra eintaka tekur mið af upplýsingagjöf frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga til Fjölís í október ár hvert.

#### **V. Gjalddagar**

##### **9. gr.**

Gjalddagi þóknunar fyrir hvert ár er 1. mars ár hvert. Eindagi er 30 dögum síðar.

Verði dráttur á greiðslu á réttum gjalddaga skal greiða dráttarvexti í samræmi við III. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu og skulu þeir vera þeir sömu og Seðlabanki Íslands ákveður samkvæmt 6. gr. laganna.

#### **VI. Utanaðkomandi kröfur**

##### **10. gr.**

Fjölís ábyrgist allar kröfur, sem kunna að koma frá handhöfum höfundarréttar, eða höfundarréttarsamtökum sem standa utan Fjölís og réttmætt tilkall eiga til greiðslu fyrir ljósritun verndaðra rita. Leyfishafi tekur enga afstöðu til slíkra krafna eða annars ágreinings um höfundarétt milli Fjölís annars vegar og einstakra handhafa höfundarréttar eða höfundarréttarsamtaka, sem standa utan Fjölís, hins vegar.



## **VII. Kynning**

### **11. gr.**

Samningsaðilar munu hafa samstarf um að kynna efni samnings þessa, þeim aðilum sem samningurinn nær til, þ.e. þá þætti hans sem lúta að heimildum til afritunar og dreifingar. Sveitarfélagið skuldbindur sig til að birta helstu reglur samningsins á heimasíðu sinni. Að sama skapi skuldbindur Fjölis sig til að hafa kynningarerefni um innihald samningsins aðgengilegt á heimasíðu sinni og eftir atvikum ráðast í sérstakt kynningarátak.

## **VIII. Ágreiningur o.fl.**

### **12. gr.**

Rísi ágreiningur um gildi, túlkun og framkvæmd á samningi þessum, skulu aðilar leitast við að leysa ágreiningsefnið með samkomulagi. Takist aðilum það ekki skal vísa honum til Héraðsdóms Reykjavíkur.

### **13. gr.**


Allar tilkynningar milli aðila samkvæmt samningi þessum skulu sendar með sannanlegum hætti. Viðtakendur tilkynninga eru:

- A. Fjölis, Aðalstræti 6, 101 Reykjavík, [fjolis@fjolis.is](mailto:fjolis@fjolis.is)
- B. Ísafjarðarbær, Stjórnsýsluhúsinu, 400 Ísafirði

Reykjavík 16. nóvember 2017

*F.h. Fjölis*

*F.h. Ísafjarðarbæjar*



Helga Sigrún Harðardóttir

# Fjölís

Aðalstræti 6

101 Reykjavík

Kt.: 491285-0289 Vsk-númer.

Sími: 5112212 Fax: 5112213

## REIKNINGUR

Ísafjaðarbær  
Hafnarstræti 1

Reikningur nr.

0000708

400 Ísafirði

Viðskiptanúmer

5405962639

Dagsetning

14.11.2017

Kt. 540596-2639

Sölumaður

HSH

Vörunr.	Vöruheiti	Magn	Ein.verð	Upphæð
Skv. samningi um ljósritun og hliðstæða eftirgerð.				
1	Greiðsla samkvæmt samningi.	1,00	110.684	110.684
			Upphæð án vsk.	110.684
			Vsk. upphæð	0
			Samtals ISK með vsk.	110.684
Stofnuð hefur verið rafræn krafa.				
Sundurliðun vsk. upphæðar Án VSK 110.684				

0000708